

## 234. fundur

*Fimmtudagim 7. janúar 2010, kom verðlagsnefnd bívara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Elín Björg Jónsdóttir, Björn Snæbjörnsson, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson, Einar Sigurðsson, Sigurður Loftsson og Ragnar Ingimundarson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.*

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

### 1. Fundargerð og dagskrá

Texti í lið fjögur síðustu fundargerðar var leiðréttur í samræmi við athugasemdir. Að öðru leyti samþykkt.

### 2. Framreknaður verðlagsgrundvöllur kúabús desember 2009

Formaður lagði fram framreknaðan verðlagsgrundvöll kúabús desember 2009, að teknu tilliti til vaxtabreytinga frá Einari Hafliða Einarssyni frá Deloitte. Verðlagsgrundvöllurinn var svo staðfestur af nefndinni, en skv. honum er kostnaður alls kr. 28.590.242.-

Við umræður um verðlagsgrundvöllinn kom fram hjá fulltrúum bænda að grundvöllurinn sýndi ekki meiri hækkanarþörf þar sem að vextir hafi verið að lækka og að gera þurfi skýran samanburð á þróun vaxta, þar sem ekki kemur fram í búreikningum upplýsingar um gengismun á vöxtum, sundurliðun á vaxtaþróun og gengisþróun og var nefnt að Einari Hafliði yrði fenginn til þess að vinna það yfirlit.

### 3. Nýjar reglur um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu, frumutölu og lyfjaleifa

Formaður lagði fram tölvubréf, dags. 6. janúar 2010, varðandi nýjar flokkunarreglur og tillögur að nýjum reglum. Sigurður fór yfir erindið og útskýrði þær nýju tillögur sem þar koma fram. Formaður mun ræða nýjar reglur við lögfræðing ráðuneytisins varðandi gildistöku og þá sér í lagi gildistöku 5. greinar.

### 4. Yfirlit um breytingar á verðlagningu síðustu ár

Pálmi lagði fram vinnugögn og skýrði, „Yfirlit verðlagningar 1997-2009“ og „Verðbreytingar á mjólk og mjólkurvörum 1997-2009.“ Við umræðu kom fram að við næstu verðbreytingu verði að koma skýrar fram í hverju munurinn á verði til framleiðenda liggi annars vegar og verð á mjólk í lausu máli hins vegar, þ.e. hrávöru til annarra aðila en þeirra sem vinna hana.

### 5. Önnur mál

Þessi fundur var saíðasti sem Elín Björg sat sem fulltrúi BSRB, þar sem hún hefur nú verið kjörin formaður þeirra samtaka, en í hennar stað kemur, um sinn, Ragnar Ingimundarson hagfræðingur BSRB og var hann mættur á fundinn. Af þessu tilefni þökkuðu nefndarmenn Elínu Björgu sérstaklega gott samstarf á liðnum árum um leið og Ragnar var boðinn velkominn til starfa.

Fulltrúar bænda komu því á framfæri að hægt væri að nálgast og kynna sér samanburð á matarverði miðað við önnur lönd á heimasíðu bi.is.

Fram kom að flutningur á mjólk að samlagi hefði hækkað í kr. 2,50 þann 1. janúar sl. Þá var rætt um það hvort að flutningur á mjólk ætti að vera áfram í verðlagsgrundvelli kúabús eða tilheyra vinnslu- og dreifingarkostnaði. Fram kom hjá fulltrúum bænda væntingar um betri kjör á aðföngum, þótt mikil óvissa væri í öllu og vilja að nefndin hittist mjög reglulega til þess að fylgjast vel með allri þróun mála. Næsti fundur verður ákveðinn síðar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## **235. fundur**

Mánuðaginn 10. maí 2010, kom verðlagsnefnd bívara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðumeytisins, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ragnar Ingimundarson, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsen, Einar Sigurðsson, Sigurður Loftsson og Björn Snæbjörnsson tók þátt í fundinum í síma. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

### **1. Fundargerð og dagskrá**

Í liðnum önnur mál frá fundi 234, var því bætt inn að Ragnar komi í stað Elínar Bjargar fyrst um sinn, eða þartil skipað hefur verið að nýju í nefndina. Að öðru leyti var fundargerð 234. fundar samþykkt.

### **2. Framreknaður verðlagsgrundvöllur kúabús mars 2010**

Formaður lagði fram framreknaðan verðlagsgrundvöll kúabús fyrir mars 2010, fór yfir og útskýrði. Við yfirferð var farið sérstaklega yfir vélalið grundvallarins, hvernig Hagstofan framreknaðar þann lið með vísitölu meðalgengis – vöruskiptavogar. Einnig lagði hann fram tillögu að því hvernig reikna skal út vexti af fjárfestingum í vélum í grundvellinum og reiknast til að hækunarþörf vaxta í liðnum sé 12,35%, að teknu tilliti til áður framkominna hækkana í september og desember 2009. Lagðir voru fram útreikningar vaxtagjalda frá Einari Haflida, endurskoðenda.

Framrekningur verðlagsgrundvallar kúabús mars 2010 var staðfestur, með kostnað alls kr. 29.645.808.

### **3. Vinnslu- og dreifingarkostnaður**

Pálmi lagði fram Gjaldaliðir hjá mjólkursamlögum – (reiknimódel) reiknuð hækjun ágúst 2009-mars 2010, endurskoðaða ársreikninga Mjólkursamsölunnar ehf. og Auðhumlu svf., fyrir árið 2009, rekstraruppgjör Mjólkursamsölunnar ehf, fyrir tímabilið janúar – mars 2010., Undirvísítölur samræmdirar vísitölu neysluverðs fyrir Ísland frá 2006, Þróun gengisvísítölu 2008-2010 og fundargerð verðlagsnefndar frá 7. júlí 2009 og vísar þar í þriðja lið fundargerðarinnar sem fjallar um stöðu vinnslu- og dreifingarkostnaðar og verðtilfærslu. Pálmi og Einar fóru yfir framlögð gögn og útskýrðu.

### **4. Sala mjólkurvara janúar til mars 2010**

Pálmi lagði fram Sala mjólkurvara í ltr. og kg. mars 2010, síðustu 3 mánuði og síðustu 12 mánuði, fór yfir og útskýrði.

### **5. Önnur mál**

Fulltrúi neytenda kom inn á umræðu um greiðslur sem áttu sér stað fyrir 4-5 árum, þegar greitt var yfirverð á mjólk, hvort um væri að ræða arðgreiðslur sem ekki hefðu átt sér lagalega stoð. Fram kom hjá fulltrúum iðnaðarins að þar væri um að ræða uppbóttagreiðslur, þar sem einungis er gefið út lágmarksverð á mjólk, það hefði væntanlega verið skattlagt eins og annað, en ekki skv. fjármagnstekjkustatti. Því væri ekki um að ræða eiginlegar arðgreiðslur.

Fulltrúar bænda sögðu frá því að Búnaðarsamband Suðurlands, ásamt fleiri búnaðarsamböndum og Bændasamtökum Íslands væru að leggja í nokkurs konar „herferð“ á gosáhrifasvæðin, í þeim tilgangi að kanna stöðu og úrræði bænda og ramma inn hvaða skammtímalausnir og langtímalausnir væru helstar. Er þess vænst að fyrstu niðurstöður liggi fyrir n.k. föstudag sem er 14. maí.

Fulltrúar bænda ræddu einnig að huga þyrfti að stöðu- og afkomumálum mjólkurframleiðslunnar, hvort gera eigi verðbreytingar í samræmi við þróun sölumála o.fl. Vísitölur sýna að þessi grein hefur verið þolinmóð gagnvart hækjunum og betra sé að gera breytingar nú, áður en afkoma verði komin í óefni.

Næsti fundur var ákveðinn 8. júní n.k. kl. 9.30 í ráðuneytinu.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## **236. fundur**

*Föstudaginn 18. júní 2010, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og lanabúnaðarráðuneytisins, Skílagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Pálmi Vilhjálmsson, Einar Sigurðsson, Sigurður Loftsson og Ólafur Friðriksson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.*

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

### **1. Fundargerð og dagskrá**

Liðurinn samþykktur án athugasemda.

### **2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús júní 2010**

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús fyrir júní 2010, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðenda, sem sýnir 64.538.- kr. lækkun vaxtaliðar, einkum vegna breytinga á vísitölu. Formaður fór yfir og útskýrði.

Framreikningur verðlagsgrundvallar kúabús júní 2010 var staðfestur, með kostnað alls kr. 29.705.845.

### **3. Vinnslu- og dreifingarkostnaður**

Pálmi Vilhjálmsson lagði fram Gjaldaliðir hjá mjólkursamlögum, fór yfir og útskýrði.

### **4. Verðlagning**

Við umræðu um verðlagningu kom fram hjá fulltrúum neytenda að ekki væri tímabært að tala um verðlagningu nú, aðla verði frekari gagna sem skoða þurfi í sameiningu. Í sama streng töku aðrir fulltrúar í nefndinni, skoða þurfi breytingar í umhverfi lífeyrissjóðs Bænda, stöðu búvorusamninga, verðskrá á markaði ofl. Þá þurfi að fara yfir verðmiðlun o.þ.h..

### **5. Önnur mál**

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Næsti fundur er fyrirhugaður 12. ágúst n.k. kl. 10.00 í ráðuneytinu.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 237. fundur

Miðvikudaginn 29. september 2010, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðumeytisins, Skúlagötu 4.

Peir sem sátu fundinn voru: Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Pálmi Vilhjálmsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Sigurður Loftsson, Ólafur Friðriksson og Björn Snægjörnsson sem var í símasambandi. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

### 1. Fundargerð og dagskrá

Formaður bauð velkomna á fundinn nýskipaða verðlagsnefnd. Nefndin er nú þannig skipuð; tilnefndir fulltrúar SAM eru Pálmi Vilhjálmsson og Guðrún Sigurjónsdóttir, varamaður er Einar Sigurðsson. Fulltrúar BÍ eru Sigurður Loftsson sem aðalmaður fyrir hönd LK og Guðný Helga Björnsdóttir til vara, Haraldur Benediktsson sem aðalmaður fyrir hönd Bí og varamaður Sigurgeir Sindra Sigurgeirsson. Fulltrúar BSRB eru Elín Björg Jónsdóttir sem aðalfulltrúi og Þuríður Einarsdóttir til vara. Fulltrúar ASÍ eru Björn Snæbjörnsson og Ólafur Darri Andrason til vara.

Formaður lagði fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt án athugasemda.

### 2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús september 2010

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá september 2010 ásamt útreikningi vaxtagjalfa frá Einari Haflida Einarssyni, endurskoðenda, sem sýnir 165.346.- kr. lækkun vaxtaliðar frá því í júní sl. Nokkrar umræður urðu um framreikninginn en heildarkostnaður hans er alls kr. 29.484.634.- og var hann staðfestur.

### 3. Yfirlit verðlagsgrundvalla september 2008 – september 2010

Formaður lagði fram samandregið yfirliti gjaldaliða verðlagsgrundvallar frá 1. september 2008 til 1. september 2010. Formaður fór yfir og útskýrði. Þegar rætt var um liðinn og yfirlitið yfir grundvella 2008-2010 var minnt á að það hafi verið sameiginleg ákvörðun nefndarinnar að þær hækkanir sem ákveðnar hafa verið frá árinu 2008 skyldu ganga til iðnaðarins.

Pálmi lagði fram samantekt og reiknilíkan verðlagsgrundvalla kúabús frá árinu 2005-2010, þar sem hægt er að sjá með einföldum hætti þróun einstakra liða grundvallarins og tiltekinna tímabila, eftir því sem við á.

Við umræðu nefndu fulltrúar bænda nauðsyn þess að fylgst væri með kjarnfóðurlið grundvallarins, þó hann hefði nú lækkað hefðu þeir búist við enn meiri lækkun en varð raunin, nú sé hins vegar hækunarferli farið af stað að nýju sem muni ekki mælast fyrr en um áramótin. Einnig að stór hækken áburðar sé þegar inni í liðnum, en breytingar á vaxtalið hafi komið á móti í grunnum svo hækunarþörfin hafi í raun ekki mælst við framreikning nú. Vangaveltur voru um gengistryggð lán og þegar niðurstaða liggur fyrir vegna þeirra væri gott að fara yfir forsendur grundvallarins að nýju. Einnig kom fram umræða um geymdu hækken og hvort rétt væri að láta hana koma á móti vaxtalækkun og hvort að taka ætti inn í verðlagsgrundvöllinn mótfamlag ríkisins til lífeyrissjóðs bænda, sem til staði að fella úr fjárlögum. Óskað var eftir því að nefndin láti meta þau hækunar áhrif, á útgjaldalið launa.

#### **4. Sala mjólkurafurða**

Pálmi lagði fram yfirlit yfir þróun sölu mjólkurafurða í ltr. og kg, yfir fyrstu átta mánuði ársins 2010 og sambanburð við eldri tímabil, fór yfir og útskýrði.

#### **5. Milliuppgjör MS janúar – júní 2010**

Pálmi lagði fram árshlutareikninga Mjólkursamsölunnar ehf. og Auðhumlu svf fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2010. Í árshlutareikningi Mjólkursamsölunnar kemur m.a. fram að enn er tap á rekstrinum, eða samtals 30,6 m.kr. á fyrr greindu tímabili.

#### **6. Verðlagning**

Engin gögn lágu fyrir til ákvörðunar um verðlagningu. Fulltrúar bænda óskuðu eftir því að afurðastöðvaverð til bænda yrði skoðað, í samanburði við kostnaðarþróun búreikninga sem teknir eru saman af Hagþjónustu landbúnaðarins. Fulltrúar iðnaðarins nefndu að þrýstingur væri á að leiðréttá þá skekkju sem orðin er vegna verðtilfærslu og skoða verði að minnka mun milli raunverðs og markaðsverðs.

#### **7. Önnur mál**

Formaður lagði fram erindi Sambandi garðyrkjubænda sem sent var B.I., dags. 27.09.2010, þar sem óskað er eftir því að á vettvangi verðlagsnefndar búavara verði reiknað framleiðendaverð við framleiðslu á kartöflum og var ákveðið að erindið yrði tekið fyrir á næsta fundi.

Pálmi lagði fram dreifibréf frá framkvæmdastjóra Bónus til birgja, dags. 28. September sl., þar sem tilkynnt er um að verslanir Bónus muni ekki taka við vörum sem eru forverðmerktar.

Næstu fundir voru ákveðnir 12. október kl. 10.00 og 3. nóvember kl. 10.00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 238. fundur

*Priðjudaginn 12. október 2010, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Peir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elin Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Pálmi Vilhjálmsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Sigurður Loftsson og Ólafur Friðriksson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.*

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

### 1. Fundargerð og dagskrá

Formaður lagði fram fundargerð 237. fundar og voru þær breytingar gerðar, að tekið var fram að Björn hafi verið á símafundi og að Guðný Helga Björnsdóttir er varamaður fyrir Sigurðu Loftsson, en ekki Jóhann Nikulásson og verður fundargerðinni breytt til samræmis við það. Að öðru leyti var liðurinn samþykktur.

### 2. Verðlagning

Rætt var almennt um verðlagningu og verðtilfærslu og var þar m.a. vísað til yfirlýsingar nefndarinnar frá 7. júlí 2009 þar sem því er lýst yfir að á næstu 24 mánuðum verði leitast við að leiðréttu verðtilfærsluna í skrefum, fyrst 40% sem þegar hefur komið til framkvæmdar og síðan 30% og 30%. Pálmi lagði fram skjalið Leiðréttting drykkjarmjólkur 1. ágúst 2009, sem útskýrir þá 40% leiðréttið sem gerð var á þeim tíma og hvernig leiðréttting liti út nú miðað við 30%. Fram kom hjá fulltrúum neytenda að verðtilfærsla hafi verið notuð miðað við aðstæður á hverjum tíma, nú sé landslag og allar aðstæður aðrar í þjóðfélaginu og erfitt sé að réttlæta í þeirra baklandi, leiðréttið á verðtilfærslunni nú. Eins kom fram að kaupmáttur er nú minni og því hafa þær vörur sem boríð hafa hærra verð, takmarkað verðþol til frekari hækkana. Ákveðið var að fresta frekari umræðu um verðlagningu til næsta fundar, en þá mun Jónas Bjarnason, frá Hagþjónustu landbúnaðarins, mæta á fund nefndarinnar til að kynna helstu niðurstöður úr búreikningum. Einnig mun Pálmi kynna uppfært verðlagsmódel iðnaðarins.

### 3. Reiknað endurgjald bænda

Formaður lagði fram skjalið Reiknað endurgjald bænda – lífeyrissjóðsgreiðslur og tryggingagjald, fór yfir og útskýrði. Var þá rætt hvort mótframlag ætti að vera nýr liður í verðlagsgrundvelli kúabús og þá hvernig almennt nýir liðir í grunninn væru útfærðir.

### 4. Erindi B.Í. um reiknað framleiðsluverðmæti kartöflubænda

Afgreiðslu fjórða liðar var frestað til næsta fundar.

### 5. Önnur mál

Næsti fundur var ákveðinn 3. nóvember kl. 10.00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## **239. fundur**

*Miðvikudaginn 3.nóvember 2010, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Peir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Pálmi Vilhjálmsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Sigurður Loftsson og Ólafur Friðriksson. Auður Birgisdóttir var fjarverandi.*

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

**1. Fundargerð og dagskrá.**

Formaður lagði fram fundargerð 238. fundar sem var samþykkt án athugasemda.

**2. Afkoma kúabænda – Jónas Bjarnason.**

Formaður bauð velkominn á fundinn, Jónas Bjarnason frá Hagþjónustu landbúnaðarins. Jónas lagði fram Niðurstöður búreikninga 2009 og Uppgjör búreikninga 2009, sérhæfð kúabú, samanburður sömu búa. Jónas fór yfir framlögð gögn og útskýrði. Rætt var um skýrslurnar og við þær umræður var nefnt að stærð meðalbús í þeim verðlagsgrundvelli kúabús sem nefndin styðst við, er stærð meðalbús frá árinu 2001 og því líklega ekki í takti við raunstærð í dag. Einnig var óskað eftir því að skoðaður yrði launaliður, þ.e. borinn saman launaliður í verðlagsgrundvelli og í útreikningum Hagþjónustunnar.

**3. Erindi B.Í. um framleiðsluverðmæti kartöflubænda.**

Formaður lagði fram erindi B.Í. dags. 27. desember 2010, þar sem vísað er til verðlagsnefndar búvöru erindi Sambands Garðyrkjubænda, dags. 13. september 2010, þar sem óskað er eftir því að reiknað verði framleiðendaverð við framleiðslu á kartöflum samkvæmt 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Var rætt að Jónas, Hagþjónusta landbúnaðarins, myndi taka saman tölur og gefa hugmynd um framleiðsluverðmæti kartöfluframleiðenda.

**4. Verðlagning.**

Rætt var að rýna þyrti betur í þær tölur, gögn og skrár sem þegar hafi verið lagt fram og setja upp í módel til að skoða sem flesta möguleika. Fulltrúar neytenda ræddu að á þessum tímapunkti treysti þau sér ekki til þess að standa að verðbreytingu. Rætt var um að bíða þurfi og sjá hvernig umhverfið skýrist á næstu 3-4 mánuðum, fjárlagafrumvarp sé í vinnslu sem og kjarasamningar, gjaldskrárhækkanir fyrirtækja og stofnana, tíma þurfi til að skoða frekar tölur Hagþjónustunnar, taka þurfi tillit til allra þessara þátta við ákvörðun um verðlagningu.

**5. Önnur mál**

Næsti fundur var ákveðinn 13. desember 2010, kl. 10.00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## **240. fundur**

*Mánuðaginn 13. desember 2010, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðumeytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Pálmi Vilhjálmsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Sigurður Loftsson og Ólafur Friðriksson. Auður Birgisdóttir var fjarverandi.*

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

**1. Fundargerð og dagskrá.**

Formaður baðst afsökunar á því að fundargerð 239. fundar var ekki tilbúinn en hún verður send nefndarmönnum svo fljótt sem kostur er.

**2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús – desember 2010.**

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá desember 2010 ásamt útreikningi vaxtagjalfa frá Einari Haflíða Einarssyni, endurskoðenda, sem sýnir 10.922.- kr. lækkun vaxta frá því í september sl. En grundvöllurinn hefur hækkað um 4,34% frá september 2009. Nokkrar umræður urðu um framreikninginn og er heildarkostnaður alls kr. 29.627.524.- Grundvöllurinn var síðan staðfestur.

Jafnframt lögðu þeir Ólafur og Pálmi fram samantekt um þróun verðlagsgrundvalla sem sýnir breytingar á einstökum liðum í heild og breytingar á kr./ltr frá september 2009 til desember 2010. Samskonar samantekt var lögð fram frá júní 2009 til desember 2010 sem sýnir 7,45% hækjun, en júní grundvöllurinn 2009 var sá grundvöllur sem miðað var við þegar síðasta verðlagning mjólkurvara fór fram. Í framhaldi af þessu fóru fram ítarlegar umræður um verðlagsmál, þróun vaxta og uppgjör lána. Ákveðið var að fela formanni að láta taka saman minnisblað um skuldamál Lánaþjóðs landbúnaðarins og ríkisábyrgð á þeim lánum.

**3. Svarbréf Hagþjónustu landbúnaðarins vegna erindis B.I. um reiknað framleiðsluverðmæti kartöflubænda.**

Formaður lagði fram bréf Hagþjónustu landbúnaðarins, dags. 22. nóvember sl. Bréfið er svar við bréfi nefndarinnar dags. 3. nóvember sl. en í því bréfi er stofnunin beðin að afla umbeðinna upplýsinga á grundvelli fyrilliggjandi búrekninga, þar sem m.a. komi fram hvernig tekjur og framleiðslukostnaður skiptist niður á framleitt kíló af kartöflum. Í nefndu svarbréfi Hagþjónustunnar kemur m.a. fram að nauðsynleg gögn séu ekki fyrilliggjandi hjá stofnuninni og því óhægt um að verða við beiðni nefndarinnar – nema farið verði út í sérstakar aðgerðir til öflunar frekari bókhalds- og framleiðsluupplýsinga. Jafnframt var kynnt minnisblað Sambands garðyrkjubænda, dags. 10. desember sl., varðandi nánari skýringar á markmiðum og tilgangi beiðnarinnar um útreikning á framleiðendaverði á kartöflum.

**4. Ályktanir svæðisbundinna félaga kúabænda.**

Kynntar voru átta ályktanir svæðisbundinna félaga kúabænda varðandi opinbera verðlagningu á mjólk til bænda. Ályktanirnar voru frá eftirtoldum félögum og/eða samtökum:

Stjórn Austur – Húnverskra kúabænda, dags. 9. desember 2010  
Félagsráð Félags kúabænda á Suðurlandi, dags. 7. desember 2010  
Stjórn Nautgriparæktarfélags Vopnafjarðar, dags. 8. desember 2010

Stjórn Félags Þingeyskra kúabænda, dags. 7. desember 2010

Stjórn Félags kúabænda í Skagafirði, dags. 6. desember 2010

Stjórn Félags eyfirska kúabænda, dags. 8. desember 2010

Stjórn Félags kúabænda í Vestur Húnavatnssýslu, dags. 10. desember 2010

Stjórn Mjólkurbús Borgfirðinga (félag kúabænda í Borgarfirði og sunnanverðu Snæfellsnesi, dags. 10. desember 2010.

## 5. Önnur mál

Næsti fundur var ákveðinn 17. janúar 2011, kl. 10.00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir